

# NOVA

Reykjavík 14. desember 2011

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
b.t. Kristínar Einarsdóttur ritarar nefndarinnar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/816*  
*komudagur 14.12.2011*

**Varðar: Umsögn Nova um 13.gr frumvarps til laga um breytingar á lögum um fjarskipti.**

Sæll Kristín.

Óskað er eftir að veitt sé umsögn um 13. gr. frumvarpsins og fer umsögn Nova hér á eftir.

Umrædd grein frumvarpsins kveður á um lágmarksgjald sem fjarskiptafyrirtæki beri að greiða fyrir úthlutun tíðna á svokölluðu 800MHz tíðnisviði, sem er nýtt tíðnisvið fyrir farsímaþjónustu.

Samkvæmt ákvæðinu, sem og athugasemdum og fylgiskjali, er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki skuli greiða töluvert hærra verð fyrir afnot af þessu nýja tíðnisviði heldur en verið hefur fyrir önnur tíðnisvið, t.d. 900MHz, en það tíðnisvið er notað fyrir GSM og 3G þjónustu og hefur sambærilega eðliseiginleika.

Nova telur að lágmarksgjaldið ætti ekki vera svo hátt, og ekki séu forsendur fyrir því, heldur liggja beint við að gjaldið reiknist nákvæmlega á sama hátt og Alþingi samþykkti með bráðabirgðaákvæði árið 2010 fyrir 900MHz tíðnisviðið. Þar sem 800MHz og 900MHz tíðnisviðin hafa í raun alla sömu tæknilegu eiginleika sér Nova ekki forsendu þess að telja 800MHz tíðnisviðið mikilvægara eða verðmætara en 900MHz.

Samkvæmt umræddu gildandi ákvæði um 900MHz tíðnibandið skal greiðsla fjarskiptafyrirtækis nema kr.1.500.000 fyrir hvert MHz, miðað við 10 ára úthlutun. Sú verðlagning myndi færa ríkissjóði/fjarskiptasjóði að lágmarki 135 miljónir króna, í stað tillögunnar um 180 m.kr., miðað við sömu viðmið, þ.e. að þrjú fyrirtæki fái afnot í 15 ár, og 20MHz hvert fyrirtæki.

Mikilvægt er einnig að benda á að samanburður í fylgiskjali, þar sem gjaldið er borið saman við endanleg verð eftir útboð sem haldin voru í Svíþjóð og Þýskalandi, segir aðeins hluta sögunnar. Hafa verður í huga að borin eru saman verð sem urðu til í útboðum í löndum þar sem fleiri markaðsaðilar hafa burði til þess að byggja upp víðfeðm dreifikerfi heldur en unnt væri hér á landi, um leið og fjarskiptafyrirtækin í þessum löndum búa að efnahags- og rekstrarreikningum sem eru óralangt frá íslenskum veruleika. Stærð landsins, fámenni þjóðarinnar og hátt verð fjarskiptainnviða útilokar að margir aðilar geti byggt upp dreifikerfi fjarskipta hér á landi. Þó svo að samanburðurinn sýni að lágmarksverðið hér yrði lægra mælt við höfðatölu íbúa þá vantar aigerlega að horfa til þess að vegna smæðar samfélagsins þá er allur innri fjárfestingarkostnaður íslensku fjarskiptafyrirtækjanna umtals-

# NOVA

vert hærri en erlendu fyrirtækjanna. Því þrátt fyrir smæð markaðarins verða íslensku fjarskiptafyrirtækin að fjárfesta í sömu tæknilegum innviðum og erlendu fyrirtækin sem njóta margfaldrar stærðarhagkvæmni á við þau íslensku og því verður heildarkostnaður uppbyggingarinnar, sem hlutfall af fjölda íbúa, verulega hærri hér en í þessum stóru löndum. Umræddur kostnaður þeirra af 800MHz tíðnigjaldi eingöngu, er því engan veginn samanburðarhæfur við heildarmyndina.

Ennfremur er talið að með frumvarpsgreininni sé ekki verið að leggja óhóflegar byrðar á íslensku fjarskiptafyrirtækin. Nova er ekki sammála þessu. Uppbygging fjarskipta- og dreifikerfa er sem fyrr segir umtalsverð fjárfesting og hár rekstrarkostnaður. Þar skipta fjölmargir kostnaðarliðir miklu máli og gera heildarmyndina. Tíðnigjöldin eru mikilvægur hluti þeirrar myndar. Samanburðurinn í fylgiskjalinu sýnir í raun að tíðnigjaldið fyrir aðeins eitt tíðnisvið vegur vissulega þó nokkuð í hlutfalli heildarveltu, um leið og hann sýnir vel hversu misjafnlega þung byrðin er fyrir íslensku fjarskiptafélögin, sem eru jú misstór og eiga sér mislanga sögu. Þannig má sjá að í tilviki Nova vegur aðeins þessi eini liður 1,90% og er þá ótalinn kostnaður vegna allra annarra hluta uppbyggingarinnar.

Tillaga frumvarpsins er til þess fallin að hækka tekjur ríkissjóðs/fjarskiptasjóðs fyrir afnot af tíðnisviði umfram það sem fyrri ákvæði og viðmið hafa gert ráð fyrir. Nova sér ekki gild rök fyrir þeirri hækkun og bendir á að með því einfaldlega að fylgja þeirri fyrirmynd sem Alþingi samþykkti á síðasta ári fyrir 900MHz tíðnibandið yrðu tekjurnar engu að síður umtalsverðar. Um leið væri verðlagningin til samræmis við nýlega samþykkt og sambærilegt ákvæði, hóflegri og betur til þess fallin að stuðla að uppbyggingu dreifikerfa og þjónustu hér á landi.

Með kveðju

Jóakim Reynisson